

Listaháskóli Íslands

Tónlistardeild

Tónlistarkennsla

# MIKILVÆGI TÓNLISTAR

Rakel María Axelsdóttir

Leiðbeinandi : Helgi Jónsson

Maí, 2008

*„I would teach the children music, physics and philosophy, but the most important is music, for in the patterns of the arts are the keys to all learning.”*

*- Plato*

*„Það er gömul staðreynd að tónlistinni ber að vera grundvallarþáttur í uppeldi hvers barns. Heimspekingurinn Platon vildi að börn lærðu tónlist á undan öllum öðrum námsgreinum, hann vissi að tónlist temur hugann, eflir einbeitningu og skipulagningu”.*

*- Þórunn Björnsdóttir*

---

# Efnisyfirlit

<b>INNGANGUR</b>	<b>4</b>
<b>1 HVAD ER TÓNLIST?</b>	<b>5</b>
1.1 HVERNIG SKILGREINUM VIÐ TÓNLIST?	5
1.2 AÐ UPPLIFA OG SKYNJA FRÁ UPPHAFII	6
1.3 FAGURFRÆÐI TÓNLISTAR	8
1.4 HAGRÆN ÁHRIF MENNTASTEFNU Í LISTUM	9
<b>2 TÓNLISTARKENNSLA Í DAG</b>	<b>13</b>
2.1 TÓNLISTARKENNSLA Á LEIKSKÓLUM	14
2.2 TÓNLISTARKENNSLA Í GRUNNSKÓLUM	17
2.3 TILGANGUR TÓNLISTARKENNSLU Í DAG	18
2.4 NÁM TÓNLISTAKENNARA	18
<b>3 HVERNIG Á TÓNLISTARKENNSLA AÐ VERA?</b>	<b>20</b>
3.1 GEFUM ÖLLUM TÆKIFÆRI.	20
3.2 BÆTUM / AUKUM TÓNLISTARKENNSLU Í GRUNNSKÓLUM,	23
3.3 HÍÐ FULLKOMNA KERFI, ER EITTHVAÐ SLÍKT TIL?	25
<b>4 NIÐURSTÖÐUR – HVAD ER HÆGT AÐ GERA</b>	<b>28</b>
<b>HEIMILDASKRÁ</b>	<b>29</b>

---

## Inngangur

Á undanförunum tíu til tuttugu árum hefur töluvert verið fjallað um velgengi íslenskrar tónlistar á erlendum vettvangi. Sigur rós, Múm, Björk, Amiina og fleiri hafa vakið eftirtekt, en er tónlist bara fyrir „atvinnumenn“ eða „snillinga“?

Stundum er talað um að sumt fólk sé tónelskt (músikalskt) en sú skilgreining gerir ráð fyrir því að tónlist liggi fyrir sumu fólk á meðan hún eigi alls ekki við um aðra. Þetta er allt annar skilningur en sá, er liggur til að mynda íþróttaiðkun til grundvallar í samfélaginu í dag – þ.e. allir eiga að stunda íþróttir þótt vinna þeirra liggi á öðrum sviðum. Af hverju er tónlist ekki gert jafn hátt undir höfði í daglegu lífi fólks og íþróttum?

Eru til snillingar? Ef við skoðum til að mynda Björk Guðmundsdóttur er oft gefið í skyn að hún sé einhverskonar sjálfsprottin snilld, oftar en ekki eru álfar, fossar og hraun nefndir sem áhrifavaldar en þegar tónlistarferill Bjarkar er skoðaður kemur í ljós að þar koma íslensku tónlistarskólarnir líka við sögu. Þegar Björk var fimm ára gömul byrjaði hún í tónmenntaskóla Reykjavíkur og lærði þar að spila á hljóðfæri og syngja. Það mætti því telja að tónlistarskólar gegni mikilvægu hlutverki í því að móta hana sem tónlistarmann.

Samkvæmt þessu er mikilvægt að örva börn frá unga aldri þannig að þau geti nýtt sér tónlist á sem fjölbreyttastan hátt, hvort sem þau muni starfa við tónlist síðar meir eða ekki. Ef tónlist hefur svona sterk áhrif á börn á þroskaskeiði sínu, hver er þá staða tónlistar í menntakerfinu og hvernig er kennslunni háttað? Er ástæða til að breyta um áherslur? Er kennt samkvæmt lögbundinni námsskrá?

Í þessari ritgerð mun ég reyna að finna helstu ástæður fyrir mikilvægi tónlistar í skólakerfinu sem og í samfélaginu almennt. Hvað fara börn á mis við án tónlistarnáms? Er einhver galli í menntakerfinu er varðar tónlist? Er menntun tónlistarkennara nógu góð og af hverju er skortur á tónlistarkennurum?

# 1 Hvað er tónlist?

## 1.1 Hvernig skilgreinum við tónlist?

Eflaust er ekki til neitt einhlítt svar við því hvert upphaf tónlistar er en þessari spurningu er varpað fram í öðrum kafla bókarinnar *Sound and Silence*. Svarinu við spurningunni leita höfundar bókarinnar hjá tónlistarfræðingnum Bence Szabolsci úr bókinni *A History of Melody*. Þar segir;

Eiginleikar náttúrunnar til að skapa, varðveita og herma eftir eru grundvallar atriði í tónlist. Taktur getur verið hjartslátturinn, rigning eða hófasláttur hestanna. Laglínan getur verið söngur fuglanna eða spangól úlfsins. Fyrsta tónlistin verður til óháð manningum, samt var það maðurinn sem skapaði tónlist út frá náttúrulegum hljóðum. Maðurinn var undir mestum áhrifum af náttúrulegum hljóðum sem hann skynjaði líkamlega, eða sem hann gat skapað sjálfur. En umfram allt hafði hann sína rödd og þó svo að hún gæti ekki myndað fullkomlega hreinan tón gat röddin nýst til að tjá tilfinningar sem voru að hluta til gól og væl en einnig að hluta til söngur og tal.

Í raun eru aðalatriði tónlistar, tónn og taktur, náttúrulegur hluti af líkama mannsins.<sup>1</sup>

Þessi skilgreining á tónlist gerir ráð fyrir því að maðurinn hafi tjáð tilfinningar sínar með söng áður en hann fór að tala, þó svo að það sé ekki sá söngur sem við þekkjum í dag.

Þannig má segja að tónlist sé ekki einungis tónar á blaði. Tónlist er líka hljóðin í þögninni. Því má segja að tónlist sé fyrst og fremst tungumál eða tjáningarform.

„Songlines” er ansi merkilegt fyrirbæri sem þekktist í Ástralíu. Þar hafa frumbyggjar notfært sér tónlist eða tjáningarformið „tónlist” til þess að rata um óbyggðir. Þeir sungu um umhverfið á meðan þeir ferðuðust frá einum stað til annars, til þess að geta ratað aftur sömu leið, eða til þess að geta sagt öðrum frá því hvaða leið þeir ættu að fara. Þ.e.a.s. þeir sungu lag sem lýsti leiðinni. Þetta leiddi líka til þess að ættbálkar eða stórfjölskyldur þekktu sömu lögin og ef þeir ferðuðust um landið samkvæmt söngvunum sem þeir kunnu gátu þeir verið vissir um að þeir myndu hitta ættingja sína.<sup>2</sup>

---

<sup>1</sup> Paynter, John and Aston, Peter. *Sound and Silence*. bls. 35.

<sup>2</sup> Chatwin, Bruce. *The Songlines*.

### 1.2 Að upplifa og skynja frá upphafii

Við upplifum tónlist frá því við erum í móðurkviði. Meðal fyrstu skynfæra sem þróast hjá fóstri í móðurkviði eru heyrn og jafnvægisskyn. Jafnvægisskyn hjálpar fóstroinu við að skynja t.d. upp og niður og hreyfingu móður (stendur upp, sest).

Heyrn fósturs er fullmótuð þegar fóstrið er 4-5 mánaða. Þegar fóstur hlustar eykst púlsinn um leið.<sup>3</sup> Rannsóknir hafa leitt í ljós að það sem barn heyrir í móðurkviði, finnst því gott að heyra eftir fæðinguna. Margt bendir til þess að strax á meðgöngu sé hægt að byrja á örva tungumálið og tónlistarkunnáttu.

Boris Brott sem er hljómsveitastjóri í Hamilton Philharmonic Symphony í Ontario, er einn þeirra sem hefur upplifað það að vera að stjórna verki í fyrsta skipti og skyndilega gat hann heyrt selló röddina, og vitað nákvæmlega hvernig hún ætti að vera án þess að hafa séð nóturnar. Móðir Brots var sellóleikari og öll þau verk sem hann kunnir utan af hafði hún spilað þegar hún gekk með Brott.<sup>4</sup>

Þegar barn fæðist kann það strax að tjá tilfinningar sínar með gráti, hreyfingum, babli og jafnvel svipbrigðum. Allt þetta er mjög mikilvægt fyrir barnið til að geta lifað af og geta tjáð uppalandanum tilfinningar sínar. Þetta styður þá tilgátu að fóstur hefur þjálfast á einhvern hátt í að tjá tilfinningar sínar í móðurkviði. Með þessari litlu heyrn og jafnvægisskyni þjálfar fóstrið tilfinningatjáningu sína. Fóstur sem finnur mikla hreyfingu fær löngun til að tjá sig um hreyfingu, og lætur vita að það hafi fundið fyrir hreyfingu. Það er mikilvægt að barnið fái þessa örvun í móðurkviði, það sama gildir með hljóðin, en viðbrögð fóstursins er ekki hljóð, því fóstur gefur ekki frá sér hljóð heldur verður það að bregðast við með hreyfingu.<sup>5</sup> Hreyfing og hljóð eru nátengd eins og dans og tónlist eru nátengd.

Það er fyrst og fremst mikilvægt að meðgangan sé jákvæð. Ef móðirin framleiðir endorfín<sup>6</sup> þegar hún er að lesa, slaka á, hlusta á tónlist mun barnið fá hluta af upplifuninni sem getur ekki verið annað en jákvæð og gert barninu gott. Þannig að

---

<sup>3</sup> Nørgaard, Dorte. *Babyrytmik*. Bls. 12.

<sup>4</sup> Nørgard, Dorte. *Babyrytmik*. Bls. 14.

<sup>5</sup> McPherson, Gary E. *The Child as Musician*. Bls. 1-4.

<sup>6</sup> Endorfín hafa áhrif á túlkun tilfinninga og valda vellíðan eða sælutilfinningu. [<http://www.visindavefur.hi.is/svar.php?id=2262>]

mæður ættu að leggja sig fram að sinna þessu frá byrjun meðgöngu. Öll sú vitneskja sem við höfum í dag, hvað varðar tónlistarlega örvun barna á mörgum sviðum, leiðir til þess að áframhaldandi örvun eftir fæðingu barnsins sé líka af hinu góða. Nýfætt barn skynjar rödd móður sinnar allra best, því það er hljóðið sem barnið hefur heyrt mest. Hvernig tölum við við ungabarn? Jú, eins og við ímyndum okkur að barn skynji hljóð best. Við herfum eftir smábarninu. Í raun er það að herma eftir stór þáttur í lífi mannsins. Börnin herma líka eftir fullorðnum og læra þannig og auka tjáningarmöguleika sína.

Börnin byrja ung og læra af umhverfinu. Að heyra vandaða tónlista frá fæðingu stuðlar að tónlistarþroska, rétt eins og að heyra tungumálið stuðlar að málþroska.<sup>7</sup>

Tónlistarleg örvun fósturs eða nýfædds barns er jákvæð þróun á uppeldi barnsins hvort sem foreldrar ætla sér að halda tónlistarörvuninni áfram eða ekki. Með þessu er verið að virkja mikilvægt skynfæri og um leið þjálfar þau. Börn sem upplifa litla sem enga tónlist á heimili sínu geta þrátt fyrir það skapað tóna. Tónlist varðveitist betur en nokkuð annað í heilastöðvum okkar, og þá sérstaklega söngur.<sup>8</sup> Músíkþerapistum eða Tónlistarlæknum, eins og mætti í raun kalla þá, hefur til að mynda tekist að fá Alzheimer sjúklinga og Parkinsons sjúklinga til að tjá sig á ný í gegnum söng. Fólk með Parkinsonsjúkdóminn sem var hætt að geta talað gat komið skilaboðum sínum á framfæri með því að syngja þau.

Kristín Sæunn Pjetursdóttir tónmenntakennari hefur síðustu 20 árin stjórnað kór FEB (Félag eldri borgara). Kór fyrir eldri borgara er ekki síður mikilvægur en kórar fyrir börn og almenning. Félagslegi þátturinn er sennilega mikilvægastur. Fólkíð fyllist lífsgleði, ásamt því að söngur þjálfar hugann og líkamann. Í upphafi kórstarfsins var ekki mikill stuðningur frá sveitarfélaginu. Félag eldri borgara samanstendur af meðlimum af höfuðborgarsvæðinu. En eins og svo oft áður að þegar árangur og ánægja eru mikil eykst áhugi sveitafélaganna á að styrkja starfsemina.

Kristín vann um tíma á geðdeild landspítalans og söng með sjúklingunum. Hún er menntaður tónmenntakennari og fékk því aðeins laun sem leiðbeinandi á

---

<sup>7</sup> Lilja Hjaltadóttir. Súsúkiadferðin. Heimasíða.

<sup>8</sup> Þórunn Björnsdóttir. Viðtal.

landspítalanum. Þar af leiðandi gafst hún upp á starfinu en aldrei hefur hún upplifað meiri árangur í vinnu sinni með tónlist og fólki eins og á geðdeildinni.<sup>9</sup>

### 1.3 Fagurfræði Tónlistar

List er nátengd hugtakinu fagurfræði þar sem auðvelt er að sjá fegurð í list. Í stærðfræði er það ekki jafn augljóst þó svo að margir sjái fegurð í stærðfræði. Reyndar hefur hugtakið orðið flóknara í tímans rás. Tónskáld eins og Kjartan Ólafsson hefur nýtt sér bæði list og stærðfræði þegar hann semur tónverk út frá stærðfræðiformúlum. Arkitektúr og myndlist vinna einnig með form út frá stærðfræði. Fagurfræði er heimspekilegt hugtak og listgreinar eru náskyldar hugtakinu en það er mikilvægt að hafa merkingu orðsins í huga þegar tónlist er rædd. Það er víst að enginn upplifir list á sama hátt, hvort sem talað er um tónlist eða aðra list. Tónlist, líkt og önnur list, er eitthvað sem við skynjum og er oftast en ekki óáþreifanleg.

Það er engin leið að gefa nákvæmar formúlur fyrir því, hvernig á að túlka og hvernig á að upplifa. Það er einmitt það, sem gerir það að verkum að það er alltaf hægt að byrja upp á nýtt að semja ný verk, sem eru frumleg hvert á sinn hátt.<sup>10</sup>

Margir hafa þó reynt að skilgreina fagurfræði en oftast en ekki greinir menn á um hvaða skilgreining er rétt. Peter Abbs skrifar í bók sinni *The Educational Imperative*, að það séu þrjú megin atriði sem skilja að fagurfræði frá öðrum athöfnum mannsins.

1. Öll list býr til form fullt af lífi.
2. Alla list, sem háð er uppbyggingu, er ekki hægt að skilja til fulls. Enginn skilur hugsunina á sama hátt.
3. List þarf ekki gagnrýnin viðbrögð, heldur fagurfræðileg viðbrögð - viðbrögð í gegnum tilfinningu, skynjun og ímyndun.<sup>11</sup>

Það er því mikilvægt að einblína ekki á einhverja eina aðferðarfræði þegar tónlist er miðlað. Tónlist er svo víðtæk og hefur svo margvíslegan tilgang í samfélaginu að ómögulegt er fyrir einhverja eina aðferðafræði að ná utan um allar hliðar hennar. Það

---

<sup>9</sup> Kristín Sæunn Pjetursdóttir, Viðtal.

<sup>10</sup> Arnór Hannibalsson. *Þættir um fagurfræði*. Heimasíða.

<sup>11</sup> Swanwick, Keith. *Teaching music musically*. Bls. 3-4.



er því mikilvægt að tónlistarkennarar nýti sér ólíkar aðferðir og vinni að tónlistarkennslu með opnu hugarfari þannig að fagurfræðin njóti sín sem best.

### 1.4 Hagræn áhrif menntastefnu í listum

Þegar við lítum í kringum okkur sjáum við að fólk leitar að mismunandi lífsfyllingu, einn fer á hestbak, annar í sund, sá þriðji í kór og sá fjórði á dansnámskeið í kramhúsinu, svo dæmi séu tekin. Stór hluti mannkyns finnur lífsfyllingu í tónlist og uppgötvar og ræktar tónlistarhæfileikann. Það er síðan misjafnt hversu djúpt fólk fer inn í tónlistina. Viðskiptakonan fer í kór eftir vinnu til að stækka ramman utan um líf sitt, opna víddir, sem leiða til vellíðunar. Það er vitað að tónlist hefur í flestum tilfellum góð áhrif á fólk og það er mikilvægt að til þess að fólk upplifi tónlist á enn sterkari hátt, hafi það einhverja meiri vitneskju um tónlist en bara að hafa heyrt hana. Ungverska tónskáldið Zoltán Kodály gekk svo langt í sinni aðferðafræði að halda því fram að hvert mannsbarn ætti að læra nótnalestur og geta sungið nóturnar skýrt. Annars myndu þau vera dæmd til þess að vera tónlistarlega ólæs eða óhæf.<sup>12</sup>

Þegar maður hittir viðskiptamann sem er sannfærður um að hann sé að bjarga fyrirtæki eða samfélagi frá kreppu getur verið erfitt að koma auga á mikilvægi tónlistar í samfélaginu, sérstaklega ef jákvætt hugarfar er ekki til staðar og víska um að tónlist geri samfélaginu gagn. Erfitt er þá að sannfæra aðra um að tónlist sé mikilvæg öllum og að tónlistarskólar gegni mikilvægu hlutverki. Fjölmargar rannsóknir hafa þó sýnt fram á að tónlistarnám elur af sér góða þegna og skilar sér einnig í hagrænu tilliti. Tónlist veitir ánægju, getur verið góð forvörn, tónlist skapar atvinnu í samfélaginu og er stór hluti af menningarlegum viðburðum. Þessar ástæður virðast þó ekki nægja til að tónlist sé metin að verðleikum í menntakerfinu og tónlistarfólk og -kennarar, sem vita að þeir eru að vinna mikilvægt og þarft verk, finna ekki og fá jafnvel ekki þann stuðning sem þörf er á. Því er erfitt að koma því skýrt til skila að tónlist er samfélaginu til hagsbóta.


Það er því athyglisvert að skoða hlutfallslegt framlag atvinnugreina á Íslandi undanfarin ár. Þar kemur fram að framlag tómsunda-, menningar- og íþróttastarfsemi

---

<sup>12</sup> Swanwick, Keith. *Music, mind and education*. Bls. 11.

## 1 Hvað er tónlist?

er svipuð og landbúnaður, hótél- og veitingarekstur og tölvur og tölvuþjónusta gefur af sér í vergar þáttatekjur<sup>13</sup> landsins. Það er áhugavert að skoða þessar tölur til hliðsjónar við rafmagnsframleiðsla undanfarin ár. Það er athyglisvert að þáttatekjur rafmagnsframleiðslu fara ört lækkandi með árunum á meðan tómstunda-, menningar- og íþróttamál fara hækkandi ár frá ári.



Mynd 1: Vergar þáttatekjur atvinnugreina.

Með því að skoða hið aukna framlag sem tómstundir, menning og íþróttastarfsemi hafa á þáttatekjur landsins er vert að spyrja, eru þessar atvinnugreinar skilgreindar sem gróðastarfsemi fyrir ríkisreksturinn?

Samkvæmt niðurstöðum rannsókna Dr. Ágústs Einarssonar, sem er rektor háskólans á Bifröst og hagfræðingur, höfðu útgjöld hins opinbera til menningarmála farið vaxandi frá árunum 1980 til ársins 1993 en eftir það svo til staðið í stað alveg til ársins 2001.<sup>14</sup> Engu að síður höfðu útgjöld hins opinbera hækkað á þessum árum um ca. 50 % sem sýnir í raun áhuga hins opinbera á menningarmálum. Það er því athyglisvert að sjá fylgnina í auknum þáttatekjum menningarmála eins og sýnt er í Mynd 1 og hvernig

<sup>13</sup> Með *vergu* þáttatekju er átt við þær tekjur sem verða til við nýtingu framleiðsluþáttanna, auðlinda, vinnuafis og framleiðslutækja. Með tekjum er átt við laun, hagnað fyrirtækja og vaxtatekjur.

<sup>14</sup> Ágúst Einarsson, *Hagræn áhrif tónlistar*. Bls. 20.

## 1 Hvað er tónlist?

---

aukin áhersla, skv. Dr. Ágústi Einarssyni, í menningarmálum hefur leitt af sér betri afkomu í þáttartekjum landsins.

Ég tel þó að tómsundur, menning og íþróttir ættu ekki að vera reknar með gróðasjónarmið í huga. Þar eð þessar greinar auðga samfélagið á margvíslegan hátt er það skylda ríkis og sveitarfélaga að styðja dyggilega við þessar greinar.

Inga Dóra Sigfúsdóttir og Bryndís Björk Ásgeirsdóttir unnu rannsókn að tilstuðlan Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar. Hana má finna í „Rannsóknir og greining“ sem er miðstöð félagslegra greininga. Rannsóknin heitir *Um gildi tónlistarnáms fyrir íslensk ungmenni*. Hún var gerð á börnum í níunda og tíunda bekk til að athuga hvort tónlistarnám hefði áhrif á námsárangur. Einnig var viðhorf nemenda til skólastarfs athugað, svo og tengslum þess við frávíkshögðun, t.d. vímuefnaneyslu. Niðurstöður þessara rannsókna eru sýna svo ekki verður um villst að börn sem stunda tónlistarnám stunda námið betur og einnig að tónlistarnám virðist halda börnum frá reykingum og drykkju.

Ég ákvað að gera litla könnun í Árbæjarskóla þar sem ég ákvað að nota börn úr áttunda bekk sem úrtakshóp. Ég valdi Árbæjarskóla því þar eru börn sem eru í áttunda, níunda og tíunda bekk skipt niður eftir námsgetu, þar eru þau börn sem eru með yfir átta í meðaleinkunn sett í svokallaða hraðferð. Þau sem eru með undir átta í meðaleinkunn eru í miðferð og svo þau sem eru með undir fimm í meðaleinkunn eru í hægferð. Einnig er einn áttundi bekkur með framúrskarandi nemendum sem eru í raun í níunda bekk. Í allt eru þetta sex bekkir, einn í hægferð (F3), tveir í miðferð (F2), tveir í hraðferð (F1) og einn bekkur sem er níundi bekkur (F0), sjá Tafla 1.

Bekkur	Ferð
8 -> 9 RH	F0
8 MG	F1
8 RÓ	F1
8 ÁB	F2
8 MS	F2
8 ÁP	F3

Tafla 1: Skipting 8. bekkjar í Árbæjarskóla eftir ferðum.

## 1 Hvað er tónlist?


Svarhlutfallið í könnuninni var mjög gott og voru samtals 92% nemenda í 8. bekk sem tóku þátt í könnuninni eða 117 unglingar. Tafla 2 sýnir svarhlutfallið og einnig ástundun milli tónlistar og íþróttar í árganginum.

	Drengir	Stúlkur	Alls
<b>Stunda Tónlistarnám</b>	50%	45%	47%
<b>Stunda Íþróttir</b>	79%	89%	83%

<b>Svarhlutfall</b>	89%	98%	92%
---------------------	-----	-----	-----

Tafla 2 : Svarhlutfall og hlutfall ástundunnar í tónlist og íþróttum.

Þegar niðurstöður könnunarinnar eru skoðaðar kemur í ljós að það er sama tilhneiging á milli námsárangurs og ástundun íþróttanna annarsvegar og tónlistarnáms hinsvegar. Eftir því sem meiri ástundun var á annað hvort íþróttir eða tónlistarnám því betri var námsárangurinn, sjá Mynd 2. Munurinn á því hversu hátt hlutfall stundar íþróttir miðað við tónlistarnám má ef til vill rekja til meiri áherslu á íþróttaiðkun í samfélaginu. Það verður að taka tillit til fjárhagsstöðu foreldra þegar skoðaðar eru niðurstöður könnunarinnar. Foreldrar í góðri stöðu eiga auðveldara með að leyfa barninu sínu að stunda íþróttir eða vera í tónlistarnámi. Og í raun er því athyglisvert að skoða einnig hvort námsárangur og stéttarstaða foreldra hafi eitthvað að segja. Niðurstaðan sýnir einnig að tónlist á að vera fyrir alla, óháð stöðu foreldra þar sem námsárangur virðist vera betri hjá þeim sem stunda tómstundir af einhverju tagi.



Mynd 2 : Ástundun íþróttar og tónlistarnáms miðað við námsárangur.

## 2 Tónlistarkennsla í dag

Því miður er ekki hægt að mæla gildi tónlistar, það er ekki hægt að setja einhverja mælistiku á þær tilfinningar sem hún skapar og ekki getum við raðað í súlurit hvernig hún bætir manneskjuna innan frá. Það vita hins vegar margir að tónlist er öllum börnum ómetanlegt veganesti inn í framtíðina, gerir þau ekki aðeins að betri einstaklingum heldur eflir með þeim samkennd, samvinnu og tillitsemi – og hvað er börnum dýrmætara nú, á dögum samkeppni og einstaklingshyggju.<sup>15</sup>

Það er ekki í öllum tilfellum hægt að iðka tónlist bara til að hafa gaman af eða möguleiki á að skapa tónlist út frá eigin forsendum í gegnum tónlistarnám. Mest allt tónlistarnám er árangursmiðað. Börn eru oft sett í tónlistarnám til þess að þau verði einleikarar og námið er byggt upp með það markmið að leiðarljósi. Í sumum tilfellum eru foreldrarnir að greiða háar upphæðir til þess að fá tónlistarkennslu fyrir börnin sín og setja þar með mikla pressu á kennarana til að búa til meistara. Oft gleymist að það nám sem börn hafa gaman af veitir mestan árangur og því er mikilvægt að nota fjölbreyttar aðferðir við kennsluna. Langir biðlistar eru í mörgum tónlistarskólum á höfuðborgarsvæðinu.

Miðað við þá velgengni sem íslenskt tónlistarlíf hefur skartað að undanfögnu er því við hæfi að skoða það sem er grundvöllur þessarar velgengni og hvernig bæta megi, jafnvel það sem gott er.

Tónlistarkennsla í dag byggist að mestu leyti á ákveðnum hugmyndum um það hvað er falleg tónlist, hvað er léleg tónlist, hvað er skrítið og hvað er rétt. Þá er algengt að börnum sé kennt að spila tónlist eins og nótnablaðið segir og að alls ekki megi víkja út frá þeirri reglu. Því er allri sköpun barnsins við námið settar skorður.

Miðað við margar af þeim skilgreiningum sem vitnað hefur verið í hér á undan er þessi aðferð við tónlistarkennslu á skjön við það hvernig tónlist er skilgreind. Því er haldið fram að tónlist sé ekki fast form og fylgi ekki skýrt mótuðum reglum um hvernig eigi að flytja hana. Tónlist er frekar tjáningarform sem ekki er hægt að setja hömlur á. En þó má segja að mikilvægt sé að kunna reglur til að hægt sé að brjóta þær.

---

<sup>15</sup> Þórunn Björnsdóttir. Viðtal.

Í Listaháskólanum er einblínt á klassískt tónlistarnám og í FÍH að mestu leyti á hrynrænt tónlistarnám, aðallega djass. Sem dæmi má nefna að í Danmörku hefur menntakerfið fyrir löngu sameinað báðar stefnurnar undir sama hatt.<sup>16</sup> Ólíkar nálganir styðja hvor aðra og önnur stefnan er ekki mikilvægari en hin.

Á Íslandi eru fjórar mismunandi leiðir notaðar til að kenna börnum tónlist. Það er tónmenntakennsla, tónlistaskólarnir, blásturshljómsveitir og „hið músíkalska par“. Hið músíkalska par er nýjasta kerfið og var sett á laggirnar í tilraunaskyni og voru nokkrir skólar fengnir til að taka þátt. Hugmyndin um hið músíkalska par byggir á samvinnu tónlistarskóla og grunnskóla, þar sem einn tónlistarskóli sér um tvo til þrjá grunnskóla. Það voru lagðar u.þ.b. 75 milljónir í verkefnið. Sú tónlistarkennsla sem fyrir var, hefur gengið vel, og börn á Íslandi hafa mun meiri möguleika á tónlistarkennslu en stór hluti barna í heiminum. En í staðinn fyrir að halda áfram að bæta þau kerfi sem fyrir eru og þróa, var farið af stað með nýja tegund kerfis sem eflaust mun veita áhugaverðar niðurstöður þegar meiri reynsla er komin á það.<sup>17</sup>

### 2.1 Tónlistarkennsla á leikskólum

Í námi leikskólakennara er lítil áhersla lögð á tónlistarmenntun. Það er mikill fengur fyrir leikskóla að fá tónlistarsinnaðan leikskólakennara til starfa og er þá sá starfsmaður oftast látinn sinna tónlistarörvun barnanna. Það er þó ekki nóg að leikskólakennari kunni á hljóðfæri heldur verður hann að skilja tilganginn með kennslunni og geta greint mismunandi þarfir barnanna og kunna að setja kennslunni góð markmið. Í dag er það því miður algengt að tónlistakennarar fái ekki til þess að halda námskeið fyrir börnin. Oft er þetta vandamál leyst með því að fá tónlistarfólk til að halda námskeið inn á leikskólunum. Þetta er auðvitað skemmtileg og jákvæð upplifun bæði fyrir börn jafnt sem starfsfólk en þar sem þetta er oft ekki reglubundin kennsla heldur stutt námskeið væri ákjósanlegt ef leikskólinn myndi reyna að nýta sér námskeiðin og halda áfram á sömu braut sjálfur eftir að námskeiðinu lýkur. Það getur verið mjög erfitt fyrir leikskólakennara með litla tónlistarreynslu að halda uppi

---

<sup>16</sup> <http://www.musik-kons.dk>

<sup>17</sup> Guðni Franzson. Viðtal.

árangursríkri og markvissri tónlistarkennslu. Alveg eins og það er mikilvægt að á leikskólum séu faglærðir leikskólakennarar, þá er einnig mikilvægt að faglærðir tónlistarkennarar vinni með þeim og börnunum. Svona námskeið eru ekki langvarandi upplifun fyrir börnin og eru því ekki að gera sama gagn og skipulögð kennsla, þar sem þau eru að fá örvun í tónlistar- og málþroskavitund. „Tónlistin skapar þverfagleg tengsl milli tónlistar og fegurðarskynjunar- hreyfingar/dans, tungumáls/raddar, leiklistar, hljóðfæri, myndlistar og alþjóðlegra menningarupplifunar.“<sup>18</sup>

Leikskólakennarar hafa almennt ekki nógu mikla kunnáttu til að geta haldið uppi árangursríku tónlistarstarfi þótt sumir leikskólakennarar búi yfir einhverri þekkingu og kunnáttu á hljóðfæri. Þá er einnig mikilvægt að tónlistarmenntað fólk fái þjálfun í kennslu- og uppeldisfræði.

Eins og staðan er í dag á leikskólum, er erfitt að byggja upp heilsteypt leikskólastarf. Það er ekki nema ca. 1/3 hluti starfsmanna faglærðir leikskólakennarar. Stór hluti annarra starfsmanna er námsfólk sem er í tímabundnu fríi frá námi eða í hlutastarfi með skóla. Starfsmannaskipti eru tíð og ófaglært fólk býr ekki yfir nauðsynlegri þekkingu á þroskastigum barna og hvað þá hvernig tónlist getur haft áhrif á þroska barns. Þetta er ein ástæða þess hversu erfitt það er að halda uppi áhrifaríkri tónlistarkennslu inn á leikskólum landsins.

Ein leið til að koma á vel skipulögðu tónlistarstarfi í leikskólum landsins er að hvetja tónlistarskóla og leikskóla til samstarfs. Sem dæmi um slíkt samstarf má nefna að leikskólinn á Seltjarnarnesi hefur unnið með Tónlistarskóla Seltjarnarness í meir en 10 ár, eða frá árinu 1997. Seltjarnarnesbær stuðlar því að samstarfi milli leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla með auknu fjárframlagi og hvatningu til starfsins. Það er auðvitað misjafnt hvaða áherslur hvert sveitafélag leggur á tónlistarmenntun leikskólabarna og sömuleiðis eru áherslur hvers leikskóla jafn misjafnar og þeir eru margir. Þó hefur en reynslan sýnt að leikskólar og leikskólakennarar hafa verið mjög áhugasamir um að fá tónlistarkennslu fyrir börnin. Stærsta vandamálið virðist liggja í því að leikskólarnir hafa ekki fjármagn til að halda slíkri starfssemi uppi. Engin ein leið er rétt í þessu máli en með samvinnu og áhugasemi, sérstaklega sveitafélaganna, er hægt að koma slíkri kennslu í framkvæmd.

---

<sup>18</sup> Dr. Pauls, Regina. Tónlistaruppeldi og sköpun eða skapandi hugsun sem þáttur í uppeldi og menntun leikskólabarna. Fyrirlestur, heimasíða.

Það sem oft vill gleymast við forgangsróðun verkefna, er spurningin um hvar grunnurinn að velgengni liggur. Hvernig má skapa heilsteyp sveitarfélag? Hverjir eru það sem mynda samfélag, það erum við. Það er vitað mál að góður uppvöxtur er grunnur að góðu lífi og leikskólinn er mjög veigamikill í þessu samhengi, þ.e.a.s. ef hægt er að halda uppi almennilegri og uppbyggilegri starfsemi. Þannig að áður en hægt er að koma inn tónlistarkennslu í starfsemi á leikskólum þarf sveitarfélagið að vera tilbúið til að veita leikskólum fjármagn fyrir starfinu.

Leikskólinn Kópasteinn er einn þeirra leikskóla sem hefur lagt sérstaka áherslu á tónlistaruppeldi. Þar starfar tónlistarkennari sem einnig er menntaður leikskólakennari. Kennarinn hittir börnin einu sinni í viku í aldurskiptum hópum. Tónlistarkennslunni fylgir viss agi, því ekki er hægt að vinna tónlist með leikskólabörnum ef agi er ekki til staðar. Kársnesskóli tekur svo við börnunum úr Kópasteini eftir að þau hafa lokið leikskólagöngu. Engar rannsóknir liggja fyrir en Þórunn Björnsdóttir sem er tónmenntakennari og kórstjóri í Kársnesskóla er sannfærð um að hún finni mun á börnunum sem koma frá Kópasteini hvað snertir aga og tónlistargetu þeirra. Einnig talar hún um að börn frá öðrum leikskólum í Kópavogi, þar sem lagt er mikið upp úr skapandi starfi og frjálsum aga, séu börnin ekki eins öguð þegar þau koma í grunnskólann. Þórunn finnur mikinn mun á þessum börnum og finnst að börnin sem koma frá þessum tiltekna leikskóla, séu minna öguð en önnur, þó þau séu skapandi. Þar sem ekki hefur verið gerð sérstök könnun á þessu verður að líta á það að þarna getur starfsfólk leikskólanna haft áhrif. Það eru miklar mannbreytingar ár frá ári vegna mannekle sem leikskólakennarastéttin hefur verið að kljást við. Carl Orff, Zoltán Kodály, Shinichi Suzuki og Edgar Willems eiga það sameiginlegt að vera tónlistarmenn en þeir hafa einnig sett fram hugmyndafræði um tónlistaruppeldi barna. Stefnur þeirra eru ólíkar en þó eru þeir allir sammála um að tónlistarnám eigi að byggjast upp á reynslu í flutningi og hlustun. Þeir töldu að börn væru móttækilegust fyrir tónlistaruppeldi á leikskólaárunum.<sup>19</sup>

---

<sup>19</sup> Sigríður Pálmadóttir. *Fóstra 1*. Tónlistaruppeldi á dagvistunarheimilium. Bls. 26.



### 2.2 Tónlistarkennsla í grunnskólum

Í aðalnámsskrá grunnskóla Íslands má finna ítarlega útskýringu á því hvernig eigi að kenna tónmennt og hver markmið kennslunnar eigi að vera. En eins og staðan er í dag þá bjóða ekki allir grunnskólar upp á tónmennt, slíka kennslu er ekki að finna á stundarskrá nemendanna. Ástæðan fyrir þessu er ekki áhugaleysi grunnskólanna heldur einfaldlega skortur á tónlistarkennurum.

Til að uppfylla skyldukennslu í tónmennt bregða sumir skólar á það ráð að vera með 6 vikna tónmenntanámskeið eða jafnvel leiklistarnámskeið.

Þrátt fyrir að í námsskrá grunnskólanna komi skýrt fram að tónlist sé samfélaginu mikilvæg, þá er á engan hátt hægt að framfylgja því sem þar stendur. Í námsskránni er miðað við það að kenndar séu tvær kennslustundir í tónmennt á viku. Þeir aðilar sem sömdu kennsluskrána sögðust ekki taka þátt í gerð námsskrárinnar nema út frá því að kenndar yrðu tvær stundir á viku, því af fenginni reynslu væri ekki hægt að ná neinum árangri með einum tíma á viku.<sup>20</sup>

Í upphafi eru sennilega fæstir sem ákveða að verða kennarar. Sérstaklega á þetta við um tónlistarfólk, það á sér oft aðra drauma um að verða einleikarar eða einsöngvarar en staðreyndin er sú að margir fara að kenna á sitt hljóðfæri. Tónlistarfólk sem er komið með kennsluréttindi virðist ekki vera hrifið af því að verða tónmenntakennari, því þá ertu að fara að kenna börnum úr öllum áttum, ekki eingöngu börnum sem hafa áhuga á tónlist eða koma frá heimilum þar sem áhugi á tónlist er til staðar. Með góðu tónlistaruppeldi í leikskóla mætti bæta úr þessu því þá væru börnin betur í stakk búin til að takast á við tónlistarnám innan grunnskólanna. Áhuginn yrði að öllum líkindum meiri og þau orðin fær um að leika á einföld hrynær hljóðfæri og gætu sungið. Þar af leiðandi yrði hægt að framkvæma skapandi starfsemi strax í fyrstu bekkjum grunnskólans.

Eflaust er þessi þróun þó ekki nóg til að fá tónlistarfólk með kennsluréttindi til að kenna í grunnskólum. Það má geta þess að mikið af tónlistarfólki sem hefur á sólóferli sínum farið að kenna í tónlistarskólum, segir að kennslan hafi kennt þeim enn meira og hafi haft verulega góð áhrif og þroskað það tónlistarlega.

---

<sup>20</sup> Þórunn Björnsdóttir. Viðtal.

En á einhvern hátt þarf að koma tónlistarfólkinu inn í grunnskólann. Kannski með breyttu hugarfari alls samfélagsins um mikilvægi tónlistar í samfélaginu og að tónlist sé mikilvæg öllum, ekki einungis tónlistarfólki. Það má líka segja að inn komi hagræn áhrif, því með því að efla tónlistarmeðvitund barna frá upphafi muni þau sækja tónlistarlega viðburði frekar en ella.

### **2.3 Tilgangur tónlistarkennslu**

Það er erfitt að koma auga á það hver hinn eiginlegi tilgangur er. Tónlistarskólar hafa fulla trú á nemendum sínum, eða er það? Barn kemst inn í tónlistarskóla, stundum eftir langa bið, en þegar allt kemur til alls á tónlistin ekki við barnið, kannski sérstaklega vegna þess að barnið hefur ekki fengið tónlistaruppeldi af neinu tagi. Kennslan í tónlistarskólum landsins miðar fyrst og fremst við að kenna börnum á hljóðfæri. Tilgangurinn er sá að barnið læri á hljóðfærið, æfi sig heima til að kennari geti hjálpað nemandanum að komast skref fyrir skref áfram.

Oft sækjast foreldrar eftir tónlistarkennslu og íþróttaástandun fyrir börnin sín svo þau stundi mikilvægar tómstundir. Markmiðið námsins er þá ekki endilega að barnið verði einleikari að atvinnu í framtíðinni heldur sækjast þau og foreldrar þeirra eftir afþreyingu og sköpun. Margir foreldrar velja tónlistarnám fyrir börn sín vegna þess að þau hafa upplifað börnin sín syngja mikið eða tekið eftir því að börnin sækja í að tjá sig með hljóðum, t.d. með því að berja potta og pönnur. En það er ekki þar með sagt að foreldrar geri sér grein fyrir tilfinningalegu og þroskalegu gildi tónlistar. Tónlistaskólarnir þurfa þó að sækjast eftir hæfileikaríku börnunum líka, en jafnframt gera sér grein fyrir því að mikilvægt er að sinna öllum börnum í tónlistarnámi. Eins og áður hefur komið fram er ekki hægt að kenna öllum börnum eins, sérstaklega vegna þess að börn stunda tónlistarnámið á misjöfnum forsendum.

### **2.4 Nám tónlistakennara**

Í dag er tónlistarkennaranámið kennt við Listaháskóla Íslands og Tónlistarskóla FÍH. Einnig er hægt að fara í tónmenntakennaranám í Kennaraháskólanum. FÍH undirbýr nemendur sína til að kenna hrynræna tónlist í tónlistarskólum en Listaháskólinn

undirbýr nemendur sína til að kenna á sitt hljóðfæri ásamt því að verða tónmenntakennari. Fyrir árið 2001 var einnig kennaradeild í Tónlistarskóla Reykjavíkur en hún var lögð niður og öll starfsemin færð yfir í Listaháskóla Íslands. Stórvægilegar breytingar hafa verið gerðar á undanförunum árum í Kennaraháskóla Íslands hvað varðar tónlistarnám. Áður voru áherslur lagðar á klassískt tónlistarnám en nú hafa rammarnir verið víkkaðir og fjölbreyttari nálgun á tónlist verið viðurkennd, t.d. popp, rokk og upptökutækni. Þó er áhyggjuefni hversu lítil skilyrðin eru til að komast inn í Kennaraháskólann og verða tónmenntakennari. Einungis þarf 3. stig á hljóðfæri en enga sérstaka kunnáttu í tónfræði og öðrum fræðigreinum innan tónlistar. Þessar litlu kröfur hafa haft í för með sér að sérkunnátta tónmenntakennara í grunnskólum er minni en ella. Fólki sem útskrifaðist úr kennaradeild Tónlistarskólans í Reykjavík var betur undirbúið fyrir fagið þar sem nemandi þurfti að fara í gegn um fræðigreinar innan tónlistar og þar að auki að búa yfir kunnáttu á fleiri en eitt hljóðfæri. Listaháskóli Íslands byggir námið upp á svipaðan hátt. En um leið og önnur stofnun menntar tónmenntakennara á allt annan hátt, gerir hún í raun minni kröfur til nemenda sinna um sérkunnáttu þá dregur það úr vægi þeirra réttinda sem að nemendur annarra stofnana hafa. Þá hefur borið á því að tónmenntakennarar hafa ekki þraukað lengi í starfi, hreinlega vegna þess hve álagið og kröfurnar eru miklar. Hugsanlega hefur þá námið ekki undirbúið þá kennara nægilega vel undir starfið. Á hinn bóginn má velta því fyrir sér hvort nemendur séu nægilega vel undirbúnir til að takast á við tónmenntarkennslu.

## 3 Hvernig á tónlistarkennsla að vera?

„Tónlistarnám er ekki til að búa til tónlistarmenn, heldur fyrst og fremst til að efla manneskjuna.“<sup>21</sup> Þetta sagði sovéski uppeldisfræðingurinn Suchomlinsky og er þetta ekki mergur málsins? Eða ætti tónlistarnám ekki einmitt að miða að því að þjálfar tónlistarmenn en líka að hlúa að tónlist á meðal almennings og örva tónlistaráhuga barna almennt.

Tónlist ætti að vera mun viðameiri þáttur í grunnskólum og leikskólum en nú er. Markmiðið á ekki endilega að vera það að búa til tónlistarsníllinga, heldur á að virkja þau jákvæðu félagslegu áhrif hvort heldur sem er á einstakling eða hópa.

Heimspeki Suzukis

Grundvallarheimspeki móðurmálsaðferðarinnar felst í setningu Suzukis : “Maðurinn er sonur umhverfisins”. Með því að virkja þá orku sem í hverjum einstaklingi býr á réttan og hvetjandi hátt, er hægt að gefa börnum tækifæri til þess að þroska hæfileika sína og skapa heilan einstakling. Fullorðinn einstaklingur sem notið hefur hvetjandi og jákvæðs umhverfis í uppvexti sínum, er betur fær um að njóta hæfileika sinna og móta líf sitt á þann besta hátt sem honum hentar.<sup>22</sup>

### 3.1 Gefum öllum tækifæri.

Fyrir 30 árum spurði José Antonio Abreu frá Venezuéla sjálfan sig hvort klassísk tónlist gæti bjargað börnum frá fátækt og glæpum. Hann trúði því að ef hann gæfi barni fátæks manns hljóðfæri tæki það sér aldrei vopn í hönd. Og ef því er kennt að spila ríks manns tónlist (Mozart, Beethoven) í hljómsveit, muni barnið ekki aðeins læra að búa til tónlist heldur einnig hvernig má lifa sómasamlegu lífi. Í dag hefur þessi draumur ekki bara orðið að veruleika heldur sýnt í 30 ár að þetta virkar samkvæmt heimsíðu sem kynnir verkefni Abreu. Abreu þróaði kennslukerfi sem hann nefnir „El Sistema“ sem er miðaður við hljóðfæramenntun í gegnum hefðbundna uppbyggingu tónlistar, fjöldaæfinga, tilsagnir í bekkjum, einstaklingstíma og æfingar með stórhljómsveit og kórum. En einnig byggist námið upp á því að skapa félagslíf, þátttöku, vera fyrirbyggjandi, auka getu, menntun, og yfirburði. Samkvæmt

---

<sup>21</sup> Sigmar Ólafsson og Robert Faulkner. *Ný Menntamál* 2. tbl. „Mega allir vera með?“ Bls. 20.

<sup>22</sup> Suzukitónlistarskólinn í Reykjavík. Heimasiða.

### 3 Hvernig á tónlistarkennsla að vera?

---

upplýsingasíðunni um „El Sistema“ hafa 285.000 börn fylgt þessu kerfi.<sup>23</sup> Sum þessara barna voru áður í barnafangelsum, dópneyslu eða lifðu vafasömu lífi. Kerfið hefur því breytt lífi þeirra til batnaðar. Í þessum stóra hóp barna hafa fæðst ótrúlegustu tónlistarsnillingar, þó svo að það sé ekki meginmarkmiðið með þessu kerfi.

Skólinn hefur sýnt fram á það að hægt er að kenna öllum börnum tónlist. Kerfið eða verkefnið er styrkt af ríkinu. Alls fær þetta verkefni úthlutað 1,8 milljarða á ári. Hugo Chávez forseti Venesúela hefur margoft talað um hvað kerfið er frábært og jákvætt framlag til samfélagsins og ætlar að kenna og gefa einni milljón fátækra barna hljóðfæri. Mr. Abreu sagði í framhaldi af þessu að þessi börn væru tákn Venesúela sem ala sjálf sig upp í gegnum list.<sup>24</sup> Abreu var ekki sammála þeirri stéttaskiptingu sem var á sviði klassískrar tónlistar og þannig kviknaði hugmynd hans að hjálpa fátækum börnum. Markmið kerfissins er að búa til nýja tónlistarmenningu sem hefur það að markmiðið að gera tónlist að lifnaðarhætti. Kerfið hefur líka framkallað breytt hugarfar gagnvart klassískri tónlist almennt og núna eru tónleikasalir fullir af áhorfendum úr öllum stigum þjóðfélagsins.

Vel mætti ímynda sér að úrræði eins og tónlistarþerapía gæti hjálpað börnum sem farið hafa út af sporinu í lífinu af einhverjum ástæðum og endað á stofnun eins og Stuðlar. Í okkar samfélagi mætti vera lögð meiri áhersla á að styrkja slíkar stofnanir. Þar gæti aukið fjármagn gert það að verkum að hægt væri að sinna börnunum betur og jafnvel þannig lengt meðferð og aukið þar með árangurinn. Hægt er að ímynda sér svipaðan árangur á stofnun eins og Stuðlum ef markmið „El Sistema“ yrði innleitt þar. Það má ekki gleyma að til lengdar er þetta góð fjárfesting fyrir ríkið.

TÓNEY sem er ný miðstöð fyrir tónlist, tónlistarkennslu og hreyfingu hefur verið í viðræðum við Barnaverndarnefnd Reykjavíkur um samstarf. Hugmyndin gengur út á að hjálpa börnum sem eiga til að mynda við vímuefnavandamál að stríða. En hugmyndin er enn á byrjunarstigi.<sup>25</sup>

---

<sup>23</sup> Carroll, Rory. Chávez pours millions more into pioneering music scheme. Heimasíða.

<sup>24</sup> Carroll, Rory. Chávez pours millions more into pioneering music scheme. Heimasíða.

<sup>25</sup> Guðni Franzson. Viðtal tekið þann 13.02.2008.

### 3 Hvernig á tónlistarkennsla að vera?

---

Tónstofa Valgerðar er tónlistarskóli starfræktur fyrir börn sem ekki geta tekið þátt í hefðbundnu tónlistarnámi. Skólinn hefur verið starfræktur frá árinu 1987. Valgerður er menntaður píanóleikari og Músíkþerapisti. Hún hefur hjálpað börnum með lesblindu (dislexíu), einhverskonar námserfiðleika, börn sem eiga í erfiðleikum með skynúrvinnslu, svo sem fötlun af líkamlegum, geðrænum og vitsmunalegum toga. Kennari þarf að finna kosti og galla barnsins og getur þannig fundið hina réttu aðferð að vinna með barninu, eða einstaklingnum, því engar tvær manneskjur eru eins. Það eru ekki einungis börn sem leita hjálpar hjá Valgerði. Mikill áhugi hefur verið á starfsemi skólans en til að byrja með var áhugi og skilningur fyrir starfseminni ekki mikill.<sup>26</sup>

Howard Gardner, prófessor við Harvard háskóla, vill meina að við búum yfir 8 mismunandi greindum og tónlistargreindin er ein þeirra. Reyndar hefur hann ekki útilokað að ekki geti leynst fleiri greindir. En megináhersla þessarar kenningar er sú að allir eru með þessar greindir en misjafnt hvaða greind er ríkjandi hjá hverjum og einum. Kennarar sem kenna út frá þessari kenningu einbeita sér að því að finna hvaða greind eða greindir henta hverju barni og henta ekki, til að ná sem bestum námsárangri hjá hverjum og einum nemanda. Það er til dæmis hægt að auka færni barns í einni greind í gegnum aðra ríkjandi greind barnsins. Það eru miklar kröfur gerðar til kennara sem vinna út frá þessari kenningu því þeir þurfa að vera opnir fyrir mörgum kennsluaðferðum, en ekki að ríghalda í eina.

Eins og fram hefur komið áður í ritgerðinni, þá eru ótal mismunandi stefnur sem leikskólar hafa ákveðið að fara eftir í daglegri vinnu leiksólans. Er fjölgreindarkenning Gardners ein þeirra. Ég er mjög hlynnt þessari kenningu þar sem öll börn ættu að geta notið sín á sínu sviði og þar á meðal tónlistarsviðinu. En það er hættulegt að taka þessa stefnu of bókstaflega í ljósi þess að Gardner túlkar tónlistargreind og líkams- og hreyfigreind á ólíkan hátt og segir t.d. að kjarnþættir tónlistargreindar sé „...hæfni til að búa til og greina takt, tónhæð og tónblæ; að meta tónlist af ýmsu tagi.“<sup>27</sup> Svo segir hann að kjarnþættir líkams- og hreyfigreindar sé „...hæfni til að hafa stjórn á eigin líkama og til að handleika hluti og beita

---

<sup>26</sup> Kristín Elfa Guðnadóttir. *Skólavarðan*, 3.tlb. 3. árg. Apríl 2003. Bls. 14-15.

<sup>27</sup> Armstrong, Thomas. *Fjölgreindir í skólastofunni*. Bls. 17.

verkfærum”.<sup>28</sup> Hér set ég strax spurningamerki við kenninguna þar sem mér finnst það ansi mikil þröngsýni að tengja ekki tónlistargreind og líkams- og hreyfigreind saman. Einkum vegna þess að í sumum samfélögum er aðeins eitt orð til yfir tónlist og dans. En í fjölgreindarkenningu Gardners er dans settur undir líkams- og hreyfigreind og aldrei talað um dans í samhengi við tónlist. Mín skoðun er sú að barn sem getur hreyft sig í takt við tónlist sýnir jafn mikla getu í bæði hreyfi- og líkamsgreind sem og tónlistargreind. Það að taka fjölgreindarkenningu Gardners of bókstaflega getur því hindrað framgöngu barna sem ekki sýna afburðar árangur í byrjun. Þannig gæti kennari hneigst til að ýta undir dansinn hjá barni sem sýnir betri árangur í dansi en tónlist til að byrja með. En hver segir að kennarinn geti greint barnið hæfara í einum flokk án þess að gefa því tækifæri í hinum. Gardner hefur t.d. sagt að oft nái tónlistargreindin ekki almennilega að þroskast hjá börnum, þar sem ofuráhersla er lögð á lestur, skrift og stærðfræði í mörgum vestrænum þjóðfélögum.

#### **3.2 Bætum / aukum tónlistarkennslu í grunnskólum,**

Eins og fyrr hefur komið fram er tónlist svo víðtæk að það eru ótal leiðir til að kenna hana. Allir fastir ramar takmarka virkni kennslunnar. Þetta á við í öllum greinum, en sérstaklega tónlist sem hefur ótal möguleika. Þá má nefna að tónlist hefur nýst nemendum með einhverskonar námserfiðleika og jafnvel börnum sem þjást af hegðunarvandamálum. Það má alltaf finna einhvern vinkil tónlistar, sem hver og einn nemandi getur fundið sig í. Jákvæðni og hrós getur einungis leitt af sér framför hjá nemanda og með réttu kennsluaðferðinni fyrir sérhvern nemanda næst árangur. Í þessu samhengi vil ég þó nefna að fjöldi barna með ýmiskonar vandamál fer fjölgandi í samfélaginu í dag. Grunnskólinn er uppfullur af stuðningsfulltrúum og þroskaþjálfurum sem annast þau börn sem þurfa auka aðstoð. Stefna skólayfirvalda er að öll börn með sérþarfir eiga að vera í bekk með hinum almenna nemanda þótt mörg þeirra eigi erfitt með að fóta sig innan um hinn almenna nemanda. En í listgreininum, þó sér í lagi tónmennt og kór, standa þessi börn sig oft en ekki sérdeilis vel. Þar fá þau að standa á sviði og sýna hvað þau geta og hegðunarvandamálin virðast hverfa á svipstundu og þau fá það hrós frá hópnum sem þau eiga skilið. Niðurstaðan er því oft

---

<sup>28</sup> Armstrong, Thomas. *Fjölgreindir í skólastofunni*. Bls. 17.

### 3 Hvernig á tónlistarkennsla að vera?

---

að tónlistin býr yfir mætti sem fær fólk til að vinna saman. Gæti það ekki verið ein lausnin fyrir börn með sérþarfir að grunnskólinn myndi ráða leikara, tónlistarmenn, dansara, myndlistarmenn, (nóg er til af þessu fólki) og skapa listasmiðju í hverjum skóla þar sem börnin, sem ekki geta sinnt bóklegum greinum sem skyldi, geta fengið að njóta sín. Þegar til lengri tíma er litið eru líkurnar á að stór hluti af þessum börnum hafi notið góðs af tækifærinu sem þau fengu í skólanum sínum.

Hafralækjaskóli í Aðaldal er einn þeirra skóla sem hefur lagt mikið upp úr jákvæðu tónlistarlífi innan skólans. Þar er starfræktur tónlistarskóli innan veggja skólans og þegar stundatöflur eru unnar fyrir önnina er tónlistarskólinn með í gerð þeirra. Það er mikil jákvæðni hjá öllum kennurum í skólanum gagnvart allri þeirri tónlistariðkun sem á sér stað, og er það kannski stór hluti af því að samstarf milli skóla og tónlistarskóla gengur svona vel. Einnig er skylda fyrir börnin að vera í kór á einhverjum tímamarki skólagöngunnar. En áhuginn er mjög mikill meðal nemendanna að stunda tónlistarnám af einhverju tagi. Það eru 69 börn í skólanum og ca. 90% sem stunda tónlistarnám. Stór hluti barnanna hafa notið góðs af því að vera í leikskólanum þar sem Robert Faulkner kemur tvisvar í viku að kenna tónlist. Þannig að þegar börnin svo koma í grunnskólann hafa þau lært grunninn að tónlist, og tónmenntastarfið því ennþá skemmtilegra bæði fyrir kennara og börn.<sup>29</sup>

Mikilvægt er að láta börn skapa (semja) tónlist sjálf. Þannig fá þau tækifæri til að vinna með tóna, hljóma, valið, skipulagt og æft undir eigin stjórn, „hugsað“ í hljóðum og eflt tónskyn og eigin sköpunargáfu.<sup>30</sup>

Þórunn Björnsdóttir hefur átt farsælt starf í Kársnesskóla. En hún hefur þurft að berjast fyrir því. Ein helsta ástæða þess að erfitt er að fá tónmenntakennara til starfa í grunnskólum í dag er sú að þeir gefast upp á þeim vinnuskilyrðum sem þeim eru búin. Þeir kennarar sem haldist hafa í starfi hafa fullan skilning skólastjórans á því hversu mikilvæg tónlistin er og hvað í raun þetta fag getur gert fyrir til að mynda félagslega þáttinn í skólanum og auðvitað margt annað. Þannig að það er ekki bara hægt að skella skuldinni á ríkið eða sveitarfélögin, að þau séu ekki að standa sig nógu vel í að hlúa að einum stærsta þætti menningarinnar, tónlistinni. Skólastjórinn ákveður í raun

---

<sup>29</sup> Sigmar Ólafsson og Robert Faulkner. *Ný Menntamál 2*. tbl. Mega allir vera með?

<sup>30</sup> Sigmar Ólafsson og Robert Faulkner. *Ný Menntamál 2*. tbl. Mega allir vera með? Bls. 20.



hvernig hlutfall námsgreina í skólanum á að vera. Snælandsskóli í Kópavogi er gott dæmi um það tónmenntakennarinn gafst upp að lokum, eftir að hafa byggt upp gott tónlistarstarf og þar var einnig kór. En hún vildi eins og Þórunn hafa kórinn á skólatíma en áhuginn var ekki fyrir hendi hjá skólastjóranum.

Þórunn hefur byggt upp mikið og gott tónlistarstarf í Kársnesskóla en með þeim skilyrðum að hún fengi sanngjarnan tíma til að vinna með börnunum. Hvað er sanngjarn tími? Það er sá tími sem þarf til að kenna og ná settu takmarki. Líkt og stærðfræðikennari þarf að fara eftir námskrá og fær úthlutaðan vissan tíma til að komast yfir sett takmark. Fyrir utan tónmenntakennslu samkvæmt námskrá er það skylda fyrir krakkana í Kársnesskóla að vera í kór frá 3. til 7. bekk. En einnig geta krakkarnir tekið þátt í kórstarfseminni eftir 7. bekk. Þórunn hefur einnig nýtt sér kennsluaðferðir Hjallastefnunnar og í 5., 6. og 7. bekk þar sem hún hefur bekkina kynjaskipta og kynin njóta sín á allt annan hátt. En einnig er mikilvægt að kórstarfið þarf að vera á skólatíma af sömu ástæðu og önnur fög eru fyrri parts dags. Þarfir kynjanna eru mjög misjafnar. Um það bil 80% af starfi Þórunnar innan skólans er kórstarfið. Eftir margra ára reynslu segir Þórunn að nánast undantekningalaust séu þeir nemendur sem skara fram úr í tónlistarnámi.

Sjálfsagi og samvinna við þá sem næstir manni standa lærist fljótt í kór eða samspilssveit. Iðkun tónlistar í hópi getur þar af leiðandi verið góð einstaklingsmiðuð aðlögun að mannlegu samfélagi.<sup>31</sup>

### **3.3 Hið fullkomna kerfi, er eitthvað slíkt til?**

Eins og fram hefur komið eru fjórar mismunandi leiðir til að iðka tónlist fyrir börn. Tónmennt, hið músíkalska þar, lúðrahljómsveitir og tónlistarskólar. Það vantar að finna lausn á því hvernig hægt er að virkja sem flesta einstaklinga eigi möguleika á því að upplifa tónlist eins og hentar hverjum og einum. Tónmennt á að vera fagið sem nær til allra og á að auka vellíðan og samheldni í hópnum. Sveitarfélögin styrkja hvern tónlistarnema og á Íslandi hafa börn mun meiri möguleika á tónlistarnámi en í mörgum öðrum ríkjum heims. Þannig að það má ekki setja svartan stimpil á íslenska tónlistarmenntun. Það er bara spurning um hvað hægt er að gera betur. Eitt af

---

<sup>31</sup> Pétur Hafþór Jónsson. *Hljóðspor Kennarabók*. Bls. 3.

### 3 Hvernig á tónlistarkennsla að vera?

---

vandamálum tónlistarskóla af hærri og lægri stigum er að það er gert ráð fyrir að nemandi sé snillingur. Nemendapláss í tónlistarskólum eru mis dýr. Til dæmis getur nemandi tekið pláss frá öðrum áhugasömum og jafnvel mun efnilegri nemendum í einum af betri og dýrari tónlistarskólum landsins þar sem biðlistar eru oft á tíðum langir. Í kerfinu er einfaldlega ekki gert ráð fyrir því að nemendur séu í tónlistarnámi sér til gagns og gamans heldur er markmiðið sett á toppinn. En það verður hins vegar að vera pláss fyrir þessa nemendur einhverstaðar, þá sem langar að stunda tónlistarnám, þannig að þeir séu ekki að takmarka aðgang þeirra sem vilja sækja á toppinn.

Ísafjarðabær hefur verið þekktur fyrir mikla tónlistarstarsemi og þar er starfræktur einn virtasti tónlistarskóli landsins, stofnaður 1948 af frumkvæði Jónasar Tómassonar og Ragnar H. Ragnar var fenginn til að stýra skólanum.<sup>32</sup> Fyrir stofnun skólans var mikil tónlistarhefð í grunnskólanum á Ísafirði. Börnin voru látin syngja morgunsöng einu sinni í viku ásamt því að þau voru í tónlistarfagi sem þá var kallað „söngur“ einu sinni í viku. Þar fengu börnin að upplifa fjölbreytni tónlistar. En tónmennt var kennd alla skólagönguna af Ragnari H. Ragnar.<sup>33</sup> Það er áhugavert að sjá að Ragnar H. og Jónas hafa átt stóran þátt í þeirri tónlistarmenningu sem nú er á Ísafirði. Það er augljóst að jákvætt hugarfar gagnvart tónlist hefur allt að segja í svona samfélagi. Steinunn Gunnlaugsdóttir ólst upp á Ísafirði og var í barnaskóla og síðar gagnfræðiskóla frá árinu 1944 til 1956. Hún segir frá því að það einkenni fólk frá þessum slóðum að kunna alla íslenska texta. Hún telur að það sé aðallega vegna þess hve mikið börnin voru látin syngja alla skólagönguna.

Árið 1999 sameinuðust tónlistarskólarnir á Reykjanesi svo að úr varð Tónlistarskóli Reykjanesbæjar. Ein helsta stefna við stofnun skólans, var að hafa mikið samstarf milli tónlistarskólans og grunnskólanna á Reykjanesi. Fyrirmynd kerfissins er sótt til tónlistarskóla Húsavíkur. Í dag er skylda að vera í forskóla fyrstu þrjú skólaárin. Þegar börnin eru komin í fjórða bekk fá þau möguleika á að velja milli þriggja hljóðfæra til að læra á. Eftir fjórða bekk þurfa foreldrar að borga fyrir tónlistarkennsluna, en fram að því er námið foreldrum að kostnaðarlausu.<sup>34</sup>

---

<sup>32</sup> Nemendur.is, Tónlistarskóli Ísafjarðar. Sótt af vef 14.02.2008.

<sup>33</sup> Steinunn Gunnlaugsdóttir. (Munnleg heimild, 15. febrúar. 2008).

<sup>34</sup> Tónlistarskóli Reykjanesbæjar. Saga skólans. Sótt af vef.

Í Reykjanesbæ hafa menn komist að því að tónlist getur aldrei gert annað en gott fyrir börn. Þarna er í raun búið að byggja upp tónlistarlegan grunn sem gefur nemendum möguleika á að kynnst hæfni þeirra, og þar af leiðandi geta þau tekið ákvörðun um hvort tónlist geti orðið að ævistarfi eða ekki. Þarna er ekki gert upp á milli faga.

Tónlist er álitin jafn mikils virði og aðrar greinar, ekki einungis fyrir það hvað tónlist hefur góð áhrif á mannfólkið heldur einnig er þetta starfsstétt sem fer stækkandi hér á landi og því grundvöllur til að gefa öllum tækifæri til að kynnst.

Tóney, sem áður hefur verið nefnd, er tónlistarstofnun sem býður upp á fjölmörg námskeið eftir því hvað fólk sækist eftir og eru námskeiðin tíu vikur í senn. Tóney er ekki hefðbundinn tónlistarskóli og fær því ekki styrk frá sveitarfélaginu eins og aðrir tónlistarskólar, og því er gjaldið örlítið hærra en í venjulegum tónlistarskólum. Tóney sér alfarið um tónmenntakennslu í Sæmundarskóla í Grafarholtinu í Reykjavík.

Kennarar úr Tóney og kennarar úr Sæmundaskóla hafa saman mótað tónmenntakennslu kerfi. Nokkrir kennarar úr Tóney sjá um kennsluna sem fer fram frá fyrsta bekk til sjöunda bekkjar. Haldin eru nokkur námskeið yfir skólaárið og er látið passa þannig að börnin fái tónmenntakennslu yfir allt árið. Einn kennari kemur í einu og kennir ákveðið efni sem tengist tónlist. Það hefur sýnt sig að ein af ástæðum þess að tónmenntakennarar haldast ekki lengi í starfi sé vegna þess hve mikil krafa er sett á tónmenntakennarann, en þessi aðferð sem Tóney er að móta byggir að vissu leyti á því að kennarar séu ferskir og verði ekki þreyttir á vinnunni, sem er ótrúlega krefjandi. Oftar en ekki er ætlast til þess að tónmenntakennari eigi að geta séð um allt sem við kemur tónlist í skólanum. Svo sem að semja skólasönginn, búið til söngleik fyrir skólaskemmtun og geta verið undirleikari við hverskyns tækifæri. En með þessu fyrirkomulagi fá kennarar hvíld á milli námskeiða og nemendur fá fjölbreyttari tónlistarupplifun. Tóney var stofnuð í ágúst 2007, þannig að þessi kennsluaðferð er enn í mótun. Og hugmyndir eru uppi um það að Tóney verði með útibú í Sæmundarskóla og geti veitt nemendum hljóðfærakennslu.

## 4 Niðurstöður – Hvað ber að gera

Niðurstaða þessarar ritgerðar er sú að það er algjörlega undir stjórnendum hvers sveitarfélags, hvers leikskóla og hvers grunnskóla hvernig tekið er á tónlistaruppeldi barna. Í rannsókn minni hef ég komist að því að í sumum sveitarfélögum hefur fólk með mikla tónlistarkunnáttu og sem vita nákvæmlega hvað tónlist er mikilvæg fyrir börn í uppvextinum, barist fyrir aukinni tónlist fyrir börn og tekist það. Einnig er fólk sem hefur kannski ekki þurft að berjast því annaðhvort hefur sveitarfélagið verið sammála mikilvægi tónlistar eða viðkomandi verið áhrifamikill.

Tónlistarkennsla á að miðast við að veita öllum börnum jafnan aðgang að tónlistarkennslu þannig að hún sé ekki eingöngu kennd í tónlistarskólum fyrir börn sem eiga foreldra sem geta veitt þeim tónlistarkennslu. Með þessu getum við mögulega alið upp tónlistarfólk í börnum þar sem foreldrarnir eru ekki frumkvöðlarnir að því að börnin þeirra fái að komast í tónlistarnám heldur á hið opinbera að veita öllum jafn mikla möguleika á að finna tónlistarsnillinginn í sjálfum sér. Samstarf milli tónlistarskóla og grunnskóla þarf að vera jafngott í öllum sveitarfélögum.

Að blanda hefðbundnu tónlistarnámi saman við aðrar tegundir náms er að öllum líkindum gott, það er t.d. gott að kunna að lesa nótur. Hægt er að líkja því saman við það að læra að lesa annað tungumál, eins og gert er í öllum skólum. Shinichi Suzuki fann út að ef börn gætu lært móðurmál sitt ættu þau að geta lært að leika á hljóðfæri.<sup>35</sup> Það þarf að gera fólki grein fyrir því að tónlist er mikilvæg fyrir alla, alveg eins og öll þau fög sem börn þurfa að fara í gegnum í grunnskólanum. Tónlistarnám er mikilvægt á hverju skólastigi fyrir sig og það þurfa að vera hæfir tónlistarkennarar á öllum stigum tónlistarnáms. Nám tónmenntakennara ætti að vera þannig uppbyggt að kennari sé reiðubúin að starfa með börnum frá núll ára upp í 16 ára. Mikilvægt er því að mennta tónlistarkennara með það í huga að hvert skólastig krefst mismunandi aðferða í tónlistarkennslu.

---

<sup>35</sup> Sigríður Pálmadóttir. *Fóstra 1*. Tónlistaruppeldi á dagvistunarheimilium. Bls. 26.

---

## Heimildaskrá

Aðalnámskrá grunnskólanna, listgreinar. Sótt af vef 23. janúar 2008.  
[http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/adalnamskra-grsk\\_listgreinar.pdf](http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/adalnamskra-grsk_listgreinar.pdf)

Aðalnámskrá leikskóla, námssvið leikskóla, tónlist. Sótt af vef 23. janúar 2008.  
<http://bella.stjr.is/utgafur/ALalmennurhluti.pdf>

Amstrong, Thomas. (2000). Fjölgreindir í skólastofunni. *Íslensk þýðing: Erla Kristjánsdóttir. (2001).* JPV Útgáfa, Reykjavík.

Arnór Hannibalsson. (1999). Þættir um fagurfræði. Sótt 17. janúar 2008. af  
<http://www.hi.is/~arnorh/fagurfr/index.htm>

Ágúst Einarsson. (2004). Hagræn áhrif tónlistar. Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, Reykjavík.

Carroll, Rory. Chávez pours millions more into pioneering music scheme. *The Guardian, Tuesday September 4, 2007.* Sótt 03.01.2008 af  
<http://music.guardian.co.uk/news/story/0,,2161872,00.html>

Chatwin, Bruce. (1988). The Songlines. *Picador edition.* Pan Books, Ltd. Cavaye Place, London.

Elliot, David J. (1995). Music Matters. *A New Philosophy of Music Education.* Oxford University Press, Inc.

Guðni Franzson, viðtal tekið þann 13.02.2008.

Kristín Elfa Guðnadóttir. Skólavarðan. *3. tlb. 3. árg. Apríl 2003.* Kennarsamband Íslands.

Kristín Sæunn Pjetursdóttir, viðtal tekið þann 31.01.2008.

Kristín Valsdóttir. (2006). Einhver svona Alí Baba. Rannsókn á viðhorfum og starfsumhverfi farsælla tónmenntakennara. *Meistaraprófsverkefni lagt fram til fullnaðar M.Ed.-gráðu í uppeldis- og menntunarfræði við Kennaraháskóla Íslands með áherslu á tónmennt.*

Lilja Hjaltadóttir. Súsúkiáðferðin. Sótt 20. janúar 2008. af  
<http://www.allegro.is/AllegroNy/skolanamskra.htm>

McPherson, Gary E. (2006). The Child as Musician. *A Handbook of Musical Development.* Oxford University Press, Inc. New York.

Nemendur.is. Tónlistarskóli Ísafjarðar. Sótt af vef 14. febrúar. 2008 af  
[http://nemendur.is/nemendurwiki/index.php/T%C3%B3nlistarsk%C3%B3li\\_%C3%8Dsafjar%C3%B0ar](http://nemendur.is/nemendurwiki/index.php/T%C3%B3nlistarsk%C3%B3li_%C3%8Dsafjar%C3%B0ar)

---

Nørgaard, Dorte. (2003). Babyrytmik. Folkeskolens Musiklærerforening, Herning.

Pauls, Regina. Tónlistaruppeldi og sköpun eða skapandi hugsun sem þáttur í uppeldi og menntun leikskólabarna. Sótt 27. janúar.2008 af <http://ft.ki.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=1910>

Paynter, John and Aston, Peter. (1979). Sound and Silence. *Classroom projects in creative music*. Cambridge University Press, Malta.

Pétur Hafþór Jónsson. (2007). Hjóðspor – Kennarabók.

Sigmar Ólafsson og Robert Faulkner. (1990). Mega allir vera með? – Tónlistarkennsla í Hafralækjarskóla. *Ný Menntamál 2. tbl. 8. árg.* Bls 18-22.

Sigríður Pálmadóttir. (1989). Tónlistaruppeldi á Dagvistunarheimilum. *Fóstra 1*. Bls 26.

Suzukitónlistarskólinn í Reykjavík. Shinichi Suzuki. Sótt af vef 24. febrúar. 2008 af <http://www.suzukitonlist.is/user/cat/16>

Swanwick, Keith. (2000). Music, Mind, And Education. Routledge, New York.

Swanwick, Keith. (1999). Teaching Music Musically. Routledge, New York.

Tónlistarskóli Reykjanesbæjar. Saga skólans. Sótt af vef 14. febrúar. 2008 af [http://tonlistarskoli.reykjanesbaer.is/index.php?option=com\\_content&task=view&id=25&Itemid=46](http://tonlistarskoli.reykjanesbaer.is/index.php?option=com_content&task=view&id=25&Itemid=46)

Þórunn Björnsdóttir, viðtal tekið þann 01.02.2008.